

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



<b>Dags eftirlits</b>	2.6.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpurðun Vesturlands	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Heimili</b>	Bjarnarbraut 8	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5306972829	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hrefna Jónsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Stefán Gíslason	<b>Staðsetning</b>	349951,516 469714,37

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Snyrtimennska er í hávegum höfð í Fíflholtum. Unnið er að lokun eldri urðunarstaðar, en starfsleyfi hans rann út 14.8.2012. Nýr urðunarstaður (við hlið þess gamla) fékk starfsleyfi þann 5.2.2014 (urðunarstaðurinn var rekinn á undanþágu í millitíðinni). Niðurstöður sigvatnsmælinga fyrir hluta síðasta árs gáfu til kynna að hreinsigeta hreinsivirkis væri farin að minnka og var því ráðist í lagfæringar á því, seinni hluta ársins. Vegna framkvæmdanna var ekki mögulegt að gera venjubundnar mælingar, en mælingar fóru fram nú í júní. Ef niðurstöður þeirra verða óvenjulegar skal senda Umhverfisstofnun þær strax, annars er nóg að senda samantekt ársins f. 1.5.2015. Unnið er að verkferli um bruna á urðunarstað. Gerðar eru tvær athugasemdir og tvö frávík staðfest. Frávikin varða mælingar og söfnun hauggass sem og önnur athugasemdin, en hin varðar skil á upplýsingum, en skilafrestur á þeim er gefinn til 15. ágúst nk.

## UMFANG EFTIRLITS

Á fundi í eftirlitinu var eftirfarandi rætt:

- Starfsemi í Fíflholtum, lagfæringar á fráveitu/hreinsikerfi, lokun hluta staðarins og nýtt starfsleyfi
- Innra eftirlit og gæðamarkmið, móttaka og skráning úrgangs osfrv. Skráningar voru talsvert ræddar að venju en rekstraraðili hefur verið til fyrirmyndar hvað þær varðar.
- Viðbragðsáætlun vegna mengunar hafs og stranda.
- Umbunarkerfi fyrir fyrirtæki sem standast kröfur laga, reglugerða og starfsleyfi.
- Yfirferð yfir síðustu eftirlitsskýrslu. Rekstraraðili kynnti minnisblað (SG) um bruna á urðunarstað.

Að fundi loknum var farið í vettvangsskoðun í urðunarrein, nýir hlutar hreinsivirkis skoðaðir og aðstæður við Norðlæk.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Í ákv. 5.2 í starfsleyfi er m.a. kveðið á um mælingar á þrýstingi og samsetningu hauggass. Skv. reglugerð nr. 294/2014 hefðu mælingar á hauggasi átt að hefjast með gildistöku hennar, eða 26.3.sl.	Mælingar á hauggasi skulu fara fram mánaðarlega, þá skal mældur þrýstingur, metan, koldíoxíð og súrefni og fjórum sinnum á ári, vetnissúlfíð og vetni, en þær eru enn ekki hafnar.
Ákv. 3.4 í starfsleyfi og 2. gr. rgl. nr. 294/2014, en þar er tilgreint að rekstraraðila beri að senda framkvæmdaáætlun um hauggassöfnun f. 1.6.sl. og hefja söfnun f. 14.7.nk.	Rekstraraðili skal koma upp söfnunarkerfi og safna hauggasi. Engar áætlanir eða framkvæmdir eru hafnar vegna þessa.
Samkvæmt ákv. 2.1 í starfsleyfi bar rekstraraðila að setja sér umhverfismarkmið fyrir 1.6.sl.	Rekstraraðili hefur ekki sent Umhverfisstofnun umhverfismarkmið sín.

## ATHUGASEMDIR

Í samræmi við reglugerð 738/2003, nýja reglugerð nr.294/2014 um breytingu á reglugerð 738/2003 er varðar m.a. söfnun á hauggasi, og ákvæði í nýju starfsleyfi rekstraraðila þ.e. ákvæði 3.4 og 5.2, skulu mælingar gerðar á hauggasi sem og skal því safnað. Á fundi í eftirlitinu kom fram að rekstraraðili hefur sótt um undanþágu frá hauggassöfnun til umhverfisráðuneytis og því ekki gert neinar ráðstafanir til að mæla eða safna hauggasi. Hins vegar hyggst hann reyna mótvægisáðgerðir gegn metanlosun með öðrum aðferðum sem eru í þróun. Skv. reglugerð 294/2014 bar rekstraraðila að senda framkvæmdaáætlun um söfnun hauggass fyrir 1.6.2014 og hefja söfnun eigi síðar en 14.7.14. Metan er öflug gróðurhúsalofttegund og því mikilvægt að mótvægisáðgerðir hefjist eins fljótt og auðið er. Mat eftirlitsaðila er að rekstraraðilum hafi verið gefið nægilegt svigrúm til að útkljá hvort aðrar aðferðir gefi jafngóða raun og söfnun. Því er ekki ásættanlegt að víkja frá settri löggjöf. Þá er minnt á að mælingar á myndun og samsetningu hauggass eru nauðsynlegur þáttur í ákvörðun um hauggassöfnun eða aðrar mótvægisáðferðir.

Gefinn er frestur til 25. ágúst nk. að skila til Umhverfisstofnunar upplýsingum um liði 3, 4 og 6 í ákv. 5.1 og ákv. 2.1 (umhverfismarkmið) í starfsleyfi. Um er að ræða nokkuð ítarlegar upplýsingar sem starfsleyfishafi hefur ekki þurft að gera grein fyrir áður. Tillaga barst að greinargerð 4.7.sl. og telst fullnægjandi að mestu leyti og verður farið yfir það sem útaf stendur í næstu eftirlitsheimsókn. Umhverfismarkmið rekstraraðila bárust hins vegar ekki og er því um frávík að ræða, sjá nánar hér að neðan.

## ANNAÐ

Eftirlitsaðili vill vekja athygli á að rekstraraðili hefur ætíð (frá árinu 2008 a.m.k.) haldið athafnasvæði sínu utan urðunarreina góðu og snyrtilegu. Þar skiptir áreiðanlega máli, auk góðra vinnubragða, skógrækt og snyrtimennsku starfsmanna, að geymsla illa útlítandi véla/tækja/búnaðar tíðkast ekki á staðnum, né geymsla úrgangs.

Reykjavík, 02.07.2014



Sigrún Guðmundsdóttir

**1** Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.